

145. löggjafarþing 2015–2016.  
Þingskjal 413 — 232. mál.

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Heiðu Kristínu Helgadóttur  
um gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimili.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig miðar vinnu við gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin í landinu og hvenær má ætla að þeirri vinnu ljúki og niðurstöður verði kynntar?*

Um síðustu áramót fluttist ábyrgð á gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin til Sjúkratrygginga Íslands, sbr. 2. másl. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands miðar vinnunni vel og er þess vænst að henni ljúki fyrir áramót og verði kynnt þegar niðurstöður liggja fyrir.